

Mál nr. 85/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Starfsmaður á öldrunarheimili féll á nýbvegnu gólfi fyrir framan dyr fólkslyftu.

Gögn.

1. Málskot, móttengið 12.3.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 20.3.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M var starfsmaður öldrunarheimilisins D sem rekið er af F. Hún tók lyftu af þriðju hæð hússins að D niður á fyrstu hæð. Er hún kom út úr lyftunni rann hún á blautu gólfi, sem var nýbúið að skúra, og meiddist illa á vinstra hné.

M krefst bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu sem F hefur keypt hjá vátryggingafélaginu X. Byggir krafan á því að engar aðvaranir hafi verið uppi eða gerðar ráðstafanir af öðru tagi til að draga úr slyshættu. Um sé að ræða dúkalagt gólf sem verði hálta sem svell þegar það er blautt og enn hálla sé sápa eða bón notað við skúringar.

Bótaskyldu hefur verið hafnað af hálfu F. Gólf fyrir framan lyftuna sé ávallt þrifið á sama tíma og M gekk út úr lyftunni. Henni mátti því vera ljóst að gólfið gæti verið blautt á umræddum tíma. Á gólfinu séu leirflísar og við þriffin séu notaðar deigar moppur sem eru sérstaklega hannaðar til þrifa á sjúkrahúsum og rennbleyta ekki gólfin. Einungis vatn er notað, en engin hreinsiefni.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að staðið hafi verið að þrifum gólfsins fyrir framan lyftuna með óforsvaranlegum hætti, þegar M slasaðist. Þannig bendir ekkert til þess að við þriffin hafi gólfið blotnað eða orðið svo hálta að hættulegt hafi verið að ganga á því. Er ósannað að slysið verði rakið til atvika sem F ber ábyrgð á sem eigandi D. Tjón M telst því ekki bótaskylt úr ábyrgðartryggingu F hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki.

Reykjavík, 20. apríl 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.